

Fjölskyldumiðuð þjónusta

Vorráðstefna GRR

15. – 16. maí 2014

Höfundar:

Elín S. Jónsdóttir, Guðrún Sigurðardóttir, Karólína Gunnarsdóttir



Akureyri – öll lífsins gæði

Fjölskyldudeild



Markmið og stefnur

- Félags- og skólaþjónusta Akureyrarbæjar á fjölskyldudeild hefur á sér orð fyrir framsækni og skilvirkni. Markmiðið til næstu framtíðar hlýtur því að vera að viðhalda því orðspori og að Akureyringum standi til boða félags- og skólaþjónusta í fremstu röð á landsvísu.
- Fjölskyldudeild leggur áherslu á
 - fjölskyldumiðaða nálgun,
 - snemmtæka íhlutun og
 - sveigjanleika í þágu notenda þjónustunnar.
- Þjónustan miðar að valdeflingu og hjálp til sjálfshjálpar.
- Meginmarkmið Fjölskyldudeildar er að samþætta mismunandi verkefni og gera þjónustuna heildstæða. Þannig víkja stífar skilgreiningar á vanda fólks og í staðinn er horft á **þarfir fólks fyrir þjónustu**.



Af hverju fjölskyldumiðaða þjónustu

- Fjölskyldan er alltaf mikilvæg en þegar hún hefur fengið það hlutverk að ala upp fatlaðan einstakling er sérstök ástæða til að hlú að henni og taka tillit til hennar.
- Rannsóknarniðurstöður benda til þess að fjölskyldumiðuð þjónusta auki ánægju foreldra, minnki streitu þeirra og bæti stöðu barnsins.
- Þjónusta við fötluð börn og fjölskyldur þeirra hefur á síðustu árum breyst þannig að tekið er meira mið af þörfum allrar fjölskyldunnar.



Hvað er fjölskyldumiðuð þjónusta

- Samvinna við fjölskylduna.
 - Samskipti
 - Leiðsagnarhlutverk
 - Upplýsingagjöf
- Sveigjanleiki.
- Viðeigandi úrræði.
- Samhæfð/samþætt þjónusta.
- Samvinna þvert á kerfi.



Áherslur Fjölskyldudeildar

- Samskipti við fjölskylduna.
 - Hlusta eftir óskum og þörfum fjölskyldunnar
 - Hafa fjölskylduna með í ákvarðanatöku
 - Veita upplýsingar
- Samþætting þjónustunnar.
 - Einfalda kerfið fyrir fjölskylduna
 - Stuttar boðleiðir, einn tengiliður við fjölskylduna
 - Teymisvinna mikið notuð
- Skýr hlutverk hvers starfsmanns.
- Fagaðilar vinni saman.



Þjónusta við fötluð börn og fjölskyldur þeirra

- Foreldrum afhentar upplýsingar þar sem fram kemur yfirlit yfir þjónustu.
- Á að vera lifandi plagg sem tekur breytingum eftir þróun þjónustunnar.
- Mismunandi útfærslur eftir aldri barns
 - 0-2 ára, umsjón með þjónustu er ráðgjafi í málefnum fatlaðra og sérkennsluráðgjafi.
 - 2-6 ára – umsjón með þjónustu er sérkennsluráðgjafi og ráðgjafi í málefnum fatlaðra.
 - 6-16 ára – umsjón með þjónustu er sérkennsluráðgjafi og ráðgjafi í málefnum fatlaðra.
 - 16-20 ára – er í vinnslu.



Þjónusta vegna barna 0 til 2 ára

- Frumgreining í samvinnu við aðra sérfræðinga. Tilvísanir koma t.d. frá sjúkrahúsum og heilsugæslunni.
- **Snemmtæk íhlutun, teymisvinna: reglulegar heimsóknir með ráðgjöf til foreldra og þjálfun barnsins.**
- Samvinna fagstétta, þjónustuteymi mynduð.
- Leikfangasafnið: lánað til foreldra.
- **Upplýsingagjöf til foreldra um félagsleg réttindi.**
- **Umönnunarmat:** tillögur gerðar til SÍ út frá læknisvottorði og upplýsingum frá foreldrum.
- Stuðningur við fjölskyldur, t.d að koma á tengslum við foreldrahópa, foreldranámskeið.
- **Stuðningsfjölskyldur.**



Þjónusta vegna barna 2 til 6 ára

- Frumgreining, tilvísanir frá leikskólum, foreldrum, læknum og heilsugæslu. Vísað er áfram í sérhæfðari stofnanir þegar þarf.
- **Snemmtæk íhlutun/ teymisvinna:** Fundir með foreldrum og skóla: ráðgjöf, markmið sett, leiðir mótaðar og metnar. Þarfir fjölskyldunnar fyrir þjónustu eru metnar.
- Leikfangasafn, útlán til foreldra og leikskóla.
- Umönnunarmat, upplýsingagjöf, stuðningur við fjölskyldur, stuðningsfjölskyldur, PMT.
- **Skólaskil:** skilafundir að vori yfir í grunnskóla. Á fundunum eru foreldrar, starfsfólk á leikskóla sem þekkir barnið, starfsfólk í grunnskóla sem mun taka við barninu ásamt ráðgjöfum frá fjölskyldudeild.



Þjónusta við börn 6 – 16 ára

- Tilvísanir berast frá grunnskólum, foreldrum og öðrum fagaðilum
- **Teymisvinna:** reglulegir fundir með foreldrum og skóla ásamt þeim öðrum fagaðilum sem eru að sinna barninu. Lögð er áhersla á lausnaleit til að skólagangan nýtist barninu sem allra best. Fundargerðin er öllum fundarmönnum aðgengileg.
- Félagsleg liðveisla, vistun eftir skóla, skammtímavistun
- Umönnunarmat, upplýsingagjöf, stuðningur við fjölskyldur, stuðningsfjölskyldur, PMT.
- **Skólaskil:** undirbúningur fyrir framhaldsskólann. Kynningarfundur að hausti í 10. bekk þar sem kynnt verða sérúrræði framhaldsskólans. Í framhaldi af því eru skipulagðar heimsóknir fyrir hvern nemanda eins og þarf.



Þjónusta vegna 16 – 20 ára

- **Ráðgjöf:** Ráðgjöf tengd fjármálum, búsetu og öðrum persónulegum málum til fatlaðra ungmenna.
- Ráðgjöf til fjölskyldna og fagaðila.
- Mat á þörf fyrir þjónustu í samvinnu við fatlað fólk og fjölskyldur þeirra.
- **AMS:** Atvinnutengd ráðgjöf og stuðningur við vinnu á almennum markaði og sumarvinnu.
- **Samvinna:** Náin samvinna við annað fagfólk hjá Akureyrarbæ og aðrar stofnanir sem veita þjónustu.



Samráð við hagsmunasamtök

- Reglulegt samráð við Þroskahjálp á Norðurlandi eystra frá 1999 (sex til sjö fundir yfir vetrartímann).
- Byggir upp traust og viðræðugrundvöll og eykur líkur á sátt um þá þjónustu sem veitt er á hverjum tíma.
- Upplýsingamiðlun frá þjónustukerfinu.
- Ýmis mál tekin upp af hálfu fulltrúa Þroskahjálpar.
- Fulltrúar Þroskahjálpar eru foreldrar fatlaðra barna og horfa á þjónustuna út frá þörfum fjölskyldnanna.
- Þjónustukerfið fær gagnlegar hugmyndir og ábendingar beint frá notendum.



Rannsóknir

- Samstarf við Háskólann á Akureyri um tvær rannsóknir um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra, árin 2010 - 2012.
- Markmið fyrri rannsóknarinnar var að kanna hversu fjölskyldumiðaða þjónustu teymi leikskóla Akureyrarbæjar veita frá sjónarhorni foreldra og fagfólks.
- Hin síðari sneri að reynslu foreldra grunnskólabarna á þjónustu sem þeir og börn þeirra njóta hjá Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar.
- Niðurstöðurnar eru gagnlegar og hafa nýst ágætlega
 - bíðum eftir upplýsingum um niðurstöður úr rýnihópum, en þau viðtöl voru tekin í kjölfar spurningalistanna sem foreldrar svöruðu.
- Mjög gott samstarf sem vonandi verður framhald á.



Framtíðarsýn

- Margt er í góðum farvegi en annað má bæta – sbr. rannsóknarniðurstöður.
- Halda áfram að þróa þjónustuna þannig að hún geti talist fjölskyldumiðuð.
- Hugmyndafræði, nýjungar.
- Bæta aðgengi að upplýsingum á heimasíðu.
- Viðhalda árangri.

